

**NIÐURSTÖÐUR AÐALFUNDAR EIMSKIPAFÉLAGS ÍSLANDS HF.
HALDINN Í HÖFUÐSTÖÐVUM FÉLAGSINS
FIMMTUDAGINN 9. MARS 2023 KL. 16:00**

Meðfylgjandi eru niðurstöður fundarins.

1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess á liðnu starfsári og staðfesting ársreiknings fyrir síðastliðið reikningsár (dagskrárliður 1 og 2)

Ársreikningurinn og skýrsla stjórnar voru samþykkt.

2. Ákvörðun um ráðstöfun hagnaðar á reikningsárinu 2022 (dagskrárliður 3)

Fyrir fundinum lá eftirfarandi tillaga stjórnar félagsins sem var samþykkt:

Fundurinn samþykkti að félagið greiði hluthöfum arð vegna reikningsársins 2022 sem nemur 20,08 krónum á hlut. Nemi heildarfjárhæð arðgreiðslunnar 3,40 milljörðum króna sem samsvarar um 26% af hagnaði ársins. Viðmiðunardagsetning arðgreiðslu verði við lok viðskipta á aðalfundardegi og arðleysisdagur því 10. mars 2023 og arðsréttardagur 13. mars 2023. Lagt er til að útborgunardagur verði þann 19. apríl 2023.

3. Tillaga um endurnýjun heimildar til kaupa á eigin hlutum skv. gr. 11.2 í samþykktum félagsins (dagskrárliður 4)

Fundurinn samþykkti tillögu stjórnar um að endurnýja heimildina til næstu 18 mánaða.

4. Tillaga um lækkun hlutafjár vegna kaupa á eigin hlutum skv. endurkaupaáætlun og breytingu á samþykktum félagsins (dagskrárliður 5)

Fundurinn samþykkti tillögu stjórnar um lækkun hlutafjár vegna kaupa á eigin hlutum skv. endurkaupaáætlun og breytingu á samþykktum félagsins.

5. Tillaga um lækkun hlutafjár að fjárhæð kr. 3.500.000 að nafnverði með greiðslu til hluthafa og breytingu á samþykktum félagsins (dagskrárliður 6)

Fundurinn samþykkti tillögu stjórnar um lækkun hlutafjár með greiðslu til hluthafa og breytingu á samþykktum félagsins.

6. Tillaga um breytingar á greinum 2.6 og 2.7 í samþykktum félagsins (dagskrárliður 7)

Fundurinn samþykkti tillögu stjórnar um breytingu á greinum 2.6. og 2.7 í samþykktum félagsins.

7. Tillaga um starfskjarastefnu félagsins (dagskrárliður 8)

Fundurinn samþykkti framlagða starfskjarastefnu stjórnar.

Gildandi starfskjarastefnu félagsins má nálgast á vefsíðu aðalfundar 2023 og fjárfestasíðu félagsins.

8. Kosning stjórnar félagsins (dagskrárliður 9)

Fundurinn kaus eftirfarandi einstaklinga í stjórn félagsins:

Guðrún Blöndal
Lárus L. Blöndal
Margrét Guðmundsdóttir
Ólöf Hildur Pálsdóttir
Óskar Magnússon

Fundurinn kaus eftirfarandi einstaklinga í varastjórn félagsins:

Baldvin Þorsteinsson
Jóhanna á Bergi

9. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna, varamanna og undirnefnda stjórnar (dagskrárliður 10)

Fundurinn samþykkti tillögu stjórnar um óbreytta þóknun frá fyrra ári til stjórnarmanna, varamanna og undirnefnda stjórnar, sem verða því sem hér segir:

Stjórnarformaður	kr. 700.000 á mánuði
Varaformaður	kr. 550.000 á mánuði
Meðstjórnendur	kr. 350.000 á mánuði
Varamenn	kr. 140.000 fyrir hvern setinn fund, þó ekki hærra en kr. 350.000 fyrir hvern mánuð
Nefndarmenn í endurskoðunarnefnd	kr. 140.000 á mánuði
Nefndarmenn í starfskjaranefnd	kr. 140.000 á mánuði
Nefndarmenn í Tilnefningarnefnd	kr. 140.000 á mánuði

Stjórnarlaun og laun nefndarmanna eru ákveðin fyrirfram fyrir kjörtímabilið.

10. Kosning endurskoðenda (dagskrárliður 11)

PricewaterhouseCoopers ehf., Skógarhlíð 12, 105 Reykjavík, var kjörið endurskoðunarfélag Eimskipafélags Íslands hf. fyrir árið 2023.

Stjórn félagsins hittist í kjölfar aðalfundarins og skipti með sér verkum.

Óskar Magnússon var kosinn stjórnarformaður og Margrét Guðmundsdóttir var kosin varaformaður stjórnar.